

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
09 JAN. 2009 54.55
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2009
Tilvísun: UST20081200166/bs

Efnistaka - Stóra-Fellsöxl, Hvalfjarðarsveit. Umsögn um tillögu að matsáætlun

Vísað er til bréfs skipulagsstofnunar dags. 29. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Gera þarf skýrari greinarmun á fermetrum og rúmmetrum en gert er í tillögu að matsáætlun.

Á bls. 3 segir m.a.: "að heildarmagni tæplega 290 þús m².


Vinnanlegt magn verði tilgreint í rúmmetrum.


Við kynningu mismunandi valkosta kemur ekki fram hvort hér sé um að ræða valkosti þar sem valið verður milli þessara kosta á þann hátt að val á einum útiloki aðra, eða hvort hér sé um þrjá mismunandi áfanga að ræða.

Umhverfisstofnun telur að þær áherslur sem fram koma í tillögu að matsáætlun séu réttar, þ.e. að helstu umhverfisáhrif umræddrar efnistöku teljist sjónræn áhrif og áhrif á landslag og að leggja beri áherslu á frágang til að ásýnd svæðisins verði sem best að efnistöku lokinni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri